

Mál nr. 150/2011
M
og
vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar ökumanns.

Ágreiningur um bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns vegna umferðarslyss.

Gögn.

75. Málskot, móttakið 8.4.2011, ásamt fylgigögnum.
76. Bréf X, dags. 18.4.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 21.8.2007 var M ökumaður bifreiðarinnar A er hún lenti í árekstri við aðra bifreið. A var vátryggð lögmæltri ökutækjatrýggingu hjá vátryggingafélaginu X, þ. á m. slysatryggingu ökumanns. Tveimur dögum síðar leitaði á M á slysa- og bráðadeild Landspítalans samkvæmt ráðleggingu frá X að því er segir í læknaþreffi frá slysa- og bráðadeildinni. M kvaðst vera aðeins stíf í bakinu en liði annars ágætlega. Kom fram að engin eymsli voru í höfði eða hálsi. Væg eymsli voru við bank á hryggjartindum og út yfir mjaðmir. Þreifing á útlimum var án eymsla. Var talið að um mildan áverka hafi verið að ræða. Í vottorði sjúkráþjálfara, dags. 2.2.2011, kemur fram að M hafi lent í slysi 2005 er hún datt á rófubein og verið slæm í baki síðan, með verk í hrygg og vinstri fæti. Einnig hafi hún lent í slysi 2007, þar sem „Ac“ liður hafi „subluxerast“ vinstra megin og fékk skaða á 5. fingur vinstri handar og bak versnaði. Í ágúst 2010 datt hún og var þá slæm í vinstra hné en liðþófi skaddaðist skv. segulómun og var jafnframt slæm í sköflungi vinstra megin.

Með ódagsettri tjónstilkynningu hefur M krafist bóta úr slysatryggingunni hjá X. Af hálfu X hefur bótaskyldu verið hafnað. Annars vegar sökum þess að líkamstjón M hafi ekki verið tilkynnt félaginu fyrr en 17.8.2010 og réttur M til bóta hafði þá glatast skv. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Hins vegar sé ósannað að þau líkamsmeiðsl sem M býr við nú megi rekja til umferðaróhappsins 21.8.2007.

Álit.

Sá sem á rétt til bóta samkvæmt slysatryggingu glatar þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á, sbr. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004. Einu upplýsingarnar um þau meiðsl sem M hlaut sannanlega í óhappinu 21.8.2007 eru þau sem greinir í fyrirbyggjandi gögnum frá slysa- og bráðadeild Landspítalans um komu M þangað 23.8.2007. Eins og þeim meiðslum er lýst verður ekki annað séð en M hafi haft vitneskju um þau atvik sem krafa hennar er reist á meira en einu ári áður en tjónið var tilkynnt X. Þegar af þeirri ástæðu hefur M glatað rétti sínum til bóta úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns A hjá X.

Reykjavík, 17. maí 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.